DAGBÓK

Félagslíf

Aðalfundur Húnvetningafélagsins

Húnvetningafélagið í Reykjavík heldur aðalfund sinn fimmtudaginn 11. maí kl. 20:00 í Húnabúð, Skeifunni 17.

Aðalfundur Félags raungreinakennara

Félag raungreinakennara boðar til aðalfundar í Kvennaskólanum í Reykjavík, Fríkirkjuvegi 9, fimmtudaginn 11. maí kl. 20.30.

Dagskrá: 1. Venjuleg aðalfundarstörf. 2. Kristján Jónasson flytur erindi sem hann nefnir: Hvernig reikna reiknivélar sínusa og kvaðratrætur.

Stjórnin

Gestafundur Kvenfélags Kópavogs

Gestafundur verður haldinn fimmtudaginn 11. maí í Félagsheimilinu í Kópavogi kl. 20:30. Skemmtiatriði og kaffiveitingar.

Frá Samtökum herstöðvaandstæðinga

Samtökin boða til fundar á hernámsdaginn, 10. maí, í Risinu, Hverfisgötu 105 kl. 20:30. Fundurinn er haldinn í tilefni áætlana um heræfingar hér á landi í júní. Samtökin vilja skipuleggja mótmæli gegn heræfingunum og er skrifstofa þeirra opin á mánudögum og föstudögum kl. 14:00–16:00, sími 17966.


BÍLALEIGA
með útibú allt í kringum landið, gera þér mögulegt að leigja bíl á einum stað og skila honum á öðrum.
Reykjavík
91-31615/31815
Akureyri
96-21715/23515
Pöntum bíla erlendis
interRent
Bílaleiga Akureyrar

Tónlist

Vortónleikar í Mosfellsbæ

Karlakórinn **Stefnir** í Mosfellsbæ heldur vortónleika **í Hlégarði** þriðjud. 9. maí kl. 21:00 og **Hlégarði** miðvikud. 10. maí kl. 21:00.

Stjórnandi kórsins er Lárus Sveinsson, undirleikari er Guðrún Guðmundsdóttir. Einsöngvarar eru: Sigrún Hjálmtýsdóttir, Þórður Guðmundsson og Ármann Sigurðsson.

Ráðgert er að kórinn fari í söngferð til Danmerkur og Noregs. Einnig er ráðgerð heimsókn til vinakórs Stefnis í Levanger í Noregi.

57 söngmenn syngja í karlakórnum Stefni. Formaður er Björn Ó. Björgvinsson.

Orgeltónleikar í Hallgrímskirkju

Dagana 8.–12. maí verða orgeltónleikar daglega kl. 12:30 frá mánudegi til föstudags.

Hallgrímskirkja: Vesper

Vesper. Dagana 8.–12. maí flytja guðfræðinemar og félagar úr Ísleifsreglunni tíðagjörð hvern dag kl. 18:00 með kirkjugestum.

Minningarkort

Minningarkort Styrktarsjóðs barnadeildar Landakotsspítala

Styrktarsjóður barnadeildar Landakotsspítala hefur látið hanna minningarkort fyrir sjóðinn. Sigríður Björnsdóttir myndlistarmaður og kennari teiknaði fjögur mismunandi kort. Eftirtaldir staðir selja minningarkortin:

Apótek Seltjarnarness, Vesturbæjarapótek, Hafnarfjarðarapótek, Garðsapótek, Holtsapótek, Mosfellsapótek, Árbæjarapótek, Lyfjabúð Breiðholts, Reykjavíkurapótek, Háaleitisapótek, Kópavogsapótek, Lyfjabúðin Iðunn. Blómaverslanirnar; Burkni, Borgarblóm, Melanóra Seltjarnarnesi og Blómaval Kringlunni. Einnig eru þau seld á skrifstofu og barnadeild Landakotsspítala.

Minningarkort Áskirkju

Eftirtaldir aðilar hafa minningarkort Safnaðarfélags Áskirkju til sölu:
Þuríður Ágústsdóttir, Austurbrún 37, sími 681742
Ragna Jónsdóttir, Kambsvegi 17, sími 82775
Þjónustuíbúðir aldraðra, Dalbraut 27
Helena Halldórsdóttir, Norðurbrún 1,
Guðrún Jónsdóttir, Kleifarvegi 5, sími 681984,
Holtsapótek, Langholtsvegi 84,
Verslunin Kirkjuhúsið, Klapparstíg 27,
Verslunin Rangá, Skipasundi 56.

Þá gefst þeim, sem ekki eiga heimangengt, kostur á að hringja í Áskirkju, sími 84035 milli kl. 17:00 og 19:00 og mun kirkjuvörður annast sendingu minningarkorta fyrir þá sem þess óska.

Myndlist

Listasafn Íslands: MYND MÁNAÐARINS

Mynd aprílmánaðar í Listasafni Íslands er MOSI VIÐ VÍFILSFELL eftir Jóhannes S. Kjarval. Myndin er unnin í olíu árið 1940, stærð hennar er 115 X 143.5 sm og var hún keypt til Listasafnsins árið 1941. Mosi við Vífilsfell hangir nú uppi í sal 1. Leiðsögnin „Mynd mánaðarins" fer fram í fylgd sérfræðings á **fimmtudögum kl. 13:30–14:45** og er leiðsögnin ókeypis.

Listasafnið er opið alla daga kl. 11:00–17:00 og er veitingastofa hússins opin á sama tíma.

Pennavinir

Pennavinur í Bandaríkjunum

Borist hefur bréf frá 36 ára gömlum einhleypum manni í Bandaríkjunum, sem hefur áhuga á að komast í bréfasamband við Íslendinga, – einkum konur, en svarar öllum bréfum. Hann segist hafa áhuga á myndatökum, frímerkjasöfnun, myntsöfnun, smíði úr tré, ferðalögum og sportbílum.

Utanáskrift til hans er:
Mr. Jack M. Colbert,
Somerset County Jail
P.O. Box 3000
Somerville,
NJ 08876
USA

Ferðir

Hvítasunnuferðir F.Í. 12.–15. maí

Öræfajökull. – Lagt upp frá Virkisá við Svínafell, gengið upp Virkisjökul, utan í Falljökli og áfram sem leið liggur á Hvannadalshnúk (2119 m) Gist í svefnpokaplássi á Hofi í Öræfasveit.

Þórsmörk – Fimmvörðuháls

Gengið á skíðum yfir Fimmvörðuháls. Gönguferðir um Mörkina. Gist í Skagfjörðsskála í Langadal.

Snæfellsnes – Snæfellsjökull. Gengið á Snæfellsjökul (1446 m) og farnar skoðunarferðir á láglendi. Gist í gistiheimilinu Langaholti, Staðarsveit. Brottför í allar ferðirnar kl. 20:00 föstudaginn 12. maí. Upplýsingar og farmiðasala á skrifstofu F.Í. Öldugötu 3. Greiðslukortaþjónusta.

Til athugunar fyrir ferðamenn: Um hvítasunnu verður **ekki** leyft að tjalda á umsjónarsvæði Ferðafélagsins í Þórsmörk vegna þess hve gróður er skammt á veg kominn.

Ferðafélag Íslands

Útivist, Sími: 14606 og 23732


Hvítasunnuferðir Útivistar 12.–15. maí

1. **Skaftafell–Öræfasveit**. Svefnpokagisting að Hofi. Skoðunar- og gönguferðir um þjóðgarðinn og m.a. ekið að Jökulsárlóni.
2. **Öræfajökull–Skaftafell**. Gengið á hæsta fjall landsins og gönguferðir í Skaftafelli. Gist að Hofi.
3. **Snæfellsnes–Snæfellsjökull.** Frábær gisting á Lýsuhóli. Sundlaug, heitur pottur. Göngu- og skoðunarferðir um strönd, fjöll og á Jökulinn eftir vali.
4. **Snæfellsnes–Breiðafjarðareyjar.** Sameiginleg ferð nr. 3. Boðið upp á dagsferðir út í Breiðafjarðareyjar.
5. **Þórsmörk og Fimmvörðuháls**. Fimmvörðuháls fyrir þá sem vilja, annars gönguferðir við allra hæfi um Mörkina. Góð gisting í Útivistarskálunum Básum. Upplýsingar og farmiðar á skrifstofunni Grófinni 1, símar: 14606 og 23732.

Utanlandsferð – Gönguferð um Jötunheima í Noregi. Brottför 18. ágúst, 10 dagar. Takmarkað pláss. Pantið sem fyrst. Allar upplýsingar á skrifstofunni. Fararstjóri verður Kristján M. Baldursson.

vertu í takt við
Tímann
AUGLÝSINGAR 686300

Afgreiðsla Tímans er opin kl. 9-5 daglega nema laugardaga 9-12.
Sími afgreiðslu 686300




Kjarvalsstaðir: Sýning Helga Þorgils Friðjónssonar

Laugardaginn 6. maí kl. 16:00 var opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á nýjum verkum eftir Helga Þorgils Friðjónsson, í boði Menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar. Þetta er önnur boðsýning Listasafns Reykjavíkur á þessu ári og stendur hún fram til 21. maí. Sýningin mun einnig sýnd erlendis; fyrst í Norrænu listamiðstöðinni í Sveaborg, og opnuð þar 16. júní, þá í Galleri NEMO í Eckernförde og loks verður sýningin send til Rovaniemi listasafnsins í Finnlandi.

Helgi Þorgils hefur haldið einkasýningar bæði hér heima og erlendis, ennfremur tekið þátt í fjölda samsýninga og verk hans er að finna í erlendum söfnum, t.d. í Rooseum safninu í Malmö, Statens Museum for Kunst í Kaupmannahöfn og Kunshalle í Kiel í Þýskalandi.

Sýningin verður opin daglega kl. 11:00–18:00 til 21. maí.

Tímarit




GRÓÐUR & GARÐAR 1. tbl. 6. árg.

Tímaritið er 90 bls. að stærð með mörgum litprentuðum myndum. Af efni má nefna: Eiríkur St. Eiríksson ritstjóri skrifar ritstjóraspjall, sem hann nefnir Skuld þjóðarinnar við landið. Frásögn og myndir eru af „Gullsóp í Garðabæ", en gullsópur er runni sem ber gullin blóm. Grein Sigríðar Hjartar um Garðyrkjufélag Íslands nefnist: 2% þjóðarinnar í sama félaginu.

Þá eru greinar um kostnað við gerð garða á nýrri lóð, og sagt er frá setlaugum í garða, gróðurhúsum o. fl. Myndir eru frá verðlaunagarði í Kópavogi. Rokkað og ræktað í kúluhúsi á Ísafirði nefnist frásögn þaðan að vestan. Grein er um Alaskaösp á Íslandi og í blaðinu er kynning fyrir útivistarfólk á loftmyndum og kortum Landmælinga Íslands. Ýmislegt fleira er í blaðinu fróðlegt fyrir áhugafólk um garðrækt.

Útgefandi er Frjálst framtak hf.



Skírnir – vorhefti komið út

Vorhefti Skírnis, Tímarits Hins íslenska bókmenntafélags, 163. árg. er komið út.

Í heftinu eru 12 greinar og fjalla þær um bókmenntir, sögu og íslenska búhætti. Einnig er annað efni í ritinu, svo sem grein eftir Guðberg Bergsson er nefnist „Um ásthneigð í bókmenntum og lífinu". Um íslenska búhætti skrifar Loftur Guttormsson og í „Skírnismálum" er fjallað um skipan mála í íslenskum sveitarfélögum. Þar skrifar Sigurður Líndal „Vörn fyrir hreppa og þúsund ára gamalt stjórnkerfi".

Í heftinu birtist í fyrsta sinn í heild á íslensku inngangur danska bókmenntafræðingsins Georgs Brandesar að tímamótaverkinu **Meginstraumum.** Þýðandi er Jón Karl Helgason. Einnig birtist eftir hann ritgerð um tengsl milli Brandesar og þeirra Gests Pálssonar og Hannesar Hafstein. Örn Ólafsson skrifar um einkenni expressjónisma í smásögum Halldórs Stefánssonar.

Tvær greinar í ritinu eru um **Sturlungu**: „Hart er í heimi hórdómur mikill", eftir Úlfar Bragason og „Eitt sinn skal hverr deyja" eftir Guðrúnu Nordal. Margar greinar og umfjallanir eru um bækur og einnig bókaþýðingar.

Skáld Skírnis er að þessu sinni Wallace Stevens og hefur Sverrir Hólmarsson þýtt ljóð eftir hann.

Ritstjóri Skírnis er Vilhjálmur Árnason. Meðritstjóri þessa heftis er Ástráður Eysteinsson.

Skírnir kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Vorheftið 1989 er 250 bls. að stærð.



Bíllinn 2. tbl. 7. árg.

Bílapistill Leós M. Jónssonar ritstjóra er fremst í blaðinu. Þá eru myndir og umsagnir um bíla af ýmsum tegundum. Sagt er frá reynsluakstri á nýjum Renault 19 í Norður-Frakklandi. Einnig eru greinar með myndum um mótorhjól og jeppa. Ýmsar tækninýjungar eru kynntar. Sagt er frá dýrasta jeppa á landinu, nýjum Scania vörubíl o. m. fl. er í þessu bílablaði, sem er yfir 60 bls. að stærð og gefið út af Frjálsu framtaki hf.

TÖLVUNOTENDUR
Við í Prentsmiðjunni Eddu
hönnum, setjum og prentum
allar gerðir eyðublaða fyrir tölvuvinnslu.
PRENTSMIÐJAN Edda
Smiðjuvegi 3, 200 Kópavogur. Sími 45000

†

Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem auðsýndu okkur samúð við fráfall og útför mannsins míns, sonar, föður, tengdaföður og afa

Gísla Guðmundssonar, bifreiðastjóra
Stífluseli 14 (áður Tunguseli 3)

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landsvirkjunar og deildar 11-E á Landspítalanum.
Guð blessi ykkur öll.

Guðrún Árnadóttir

Guðmundur Matthíasson
Jóhanna G. Gísladóttir
Guðmundur J. Gíslason — **Ólöf B. Jónsdóttir**
Árni J. Steinþórsson — **Hulda D. Jónasdóttir**
og barnabörn.